

Nd.

385. Breytingartillaga

[111. mál]

við brtt. á þskj. 361 [Rekstur fiskibáta].

Frá Pétri Sigurðssyni og Guðlaugi Gíslasyni.

Fyrri málsgr. tillögugreinarinnar orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibátar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi útgerða, eða af öðrum orsökum, og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra. Niðurstöður þessarar athugunar sundurliðist eftir skráningarumdæmum.